

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 104 – 15.08.2008

Fimmtudaginn 15. ágúst, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 14.<sup>00</sup> að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Málefni Versins ehf. vísindagarða.
2. Erindi frá Byggðarráði Skagafjarðar.
3. Trúnaðarmál.
4. Erindi frá Vodafone.
5. Staða framkvæmda – peningamál.
6. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Páll Dagbjartsson óskaði eftir því að taka til umræðu hvernig staðið var að undirbúningi stjórnarkjörs á aðalfundi Versins ehf. 26.06. sl. Lýsti hann megnri óánægju með þær vinnuaðferðir sem viðhafðar voru og óskar eftir því að stjórnarkjorið verði endurskoðað. Fór hann fram á að stjórnarformaður Skv. athugaði það fyrir næsta stjórnarfund.
2. Lagt fram erindi frá Byggðarráði Skagafjarðar sem barst í tölvupósti í dag frá sveitarstjóra Guðmundi Guðlaugssyni, þar sem farið er fram á að stjórn Skagafjarðarveitna ehf. tilnefni einn fulltrúa í starfshóp sem gera á úttekt á stöðu húsnæðismála Áhaldahúss, brunavarna og Skagafjarðarveitna ehf. og komi með tillögur til úrbóta. Skoðað verði m.a. hvort hagkvæmni geti falist í samnýtingu þessara aðila á húsnæði. Samþykkt að tilnefna Pál Pálsson í starfshópinn.
3. Sjá trúnaðarbók.
4. Erindi hefur borist frá Vodafone um að fá að koma fyrir tveim loftnetum fyrir GSM –sendi, á lokahús nýbyggðs vatnstanks fyrir Steinsstaði og nágrenni í landi Skíðastaða. Erindið samþykkt.
5. Veitustjóri fór yfir stöðu framkvæmda og peningamál fyrirtækisins.
6. Önnur mál.  
Formaður gerði grein fyrir fundi sem haldinn var í starfshópi um bleikjueldi 15. júlí sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.<sup>35</sup>

Páll Pálsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.